

Úrskurðinn kvað upp Þorbjörn Árnason, fulltrúi bæjarfógeta.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Stefnandi greiði stefnda kr. 210.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðarins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 24. júní 1980.

Nr. 90/1980. **Félag íslenskra atvinnuflugmanna**
 gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands
f. h. Flugleiða h/f.

Kærumál. Félagsdómur. Kröfu um frávísun máls hrundið. Sérátkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Með kæru 6. júní 1980, sem barst Hæstarétti 13. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 67. gr. laga nr. 80/1938 kært til Hæstaréttar úrskurð Félagsdóms, uppkveðinn 5. júní 1980, þar sem kröfu sóknaraðilja um frávísun máls frá Félagsdómi var hrundið.

Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og málinu vísað frá Félagsdómi. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði, eru dómkröfuf varnaraðilja fyrir Félagsdómi þær, að viðurkennt verði, að honum beri ekki að greiða gjald í sjúkrasjóð samkvæmt 7.

gr. laga nr. 19/1979 vegna starfsmanna sinna, sem séu félagsmenn sóknaraðilja. Byggir hann á þeim málsástæðum, að ákvæði 7. gr. laga nr. 19/1979 taki ekki til flugmanna, og þó að svo yrði litið á, hefði varnaraðili þegar fullnægt framan- greindri skyldu sinni með greiðslu þeirri, sem um ræðir í 5. tl. 14. gr. kjarasamnings aðilja frá 1. júní 1978. Málsástæður varnaraðilja fyrir Félagsdómi lúta þannig öðrum þræði að lögskýringu, þ. e. hvort félagar sóknaraðilja, sem eru flugmenn, séu verkafólk í skilningi 7. gr. laga nr. 19/1979, og hins vegar varða þær túlkun á kjarasamningi aðilja. Þegar litið er til eðlis beggja þessara málsástæðna og þess, hvernig þær eru samtengdar, þykir, eins og hér stendur á, rétt, að Félagsdómur taki sakarefni þetta til efnisúrlausnar.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Svo sem greinir í dómsatkvæði meiri hluta dómenda Hæstaréttar, byggir varnaraðili kröfugerð sína á þeim málsástæðum, 1) að ákvæði 7. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla taki ekki til flugmanna og 2) þó að svo yrði litið á, hefði varnaraðili þegar fullnægt skyldu sinni með greiðslu þeirri í félagssjóð, sem um ræðir í 5. tl. 14. gr. kjarasamnings aðilja frá 1. júní 1978.

Fallast verður á það með sóknaraðilja, að skýra beri þröngt ákvæði um valdsvið Félagsdóms í 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur. Uppspretta ágreinings aðilja máls þessa er ákvæði laga nr. 19/1979, en ekki kjarasamningur. Túlkun þeirra laga ber undir almenna dómstóla. Verð-

ur aðili máls ekki án beins lagaákvæðis sviptur rétti til þess, að mál þessa efnis skuli rekið fyrir almennum dómstóli, þó að sóknaraðili í héraði styðjist einnig við málsástæðu, sem 44. gr. laga nr. 80/1938 getur tekið til.

Ber því að taka til greina kröfu sóknaraðilja um, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og málinu vísað frá Félagsdómi.

Eftir þessum málalokum ber að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og málinu vísað frá Félagsdómi.

Varnaraðili, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Flugleiða h/f, greiði sóknaraðilja, Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, 150.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður Félagsdóms 5. júní 1980.

Mál þetta var tekið til dóms eða úrskurðar 4. þ. m.

Stefnandi málsins er Vinnuveitendasamband Íslands vegna Flugleiða h/f.

Stefndi er Félag íslenskra atvinnuflugmanna.

Dómkröfur stefnanda eru þær, „að viðurkennt verði með dómi, að Flugleiðum h.f. sé ekki skylt að greiða 1% af launum félagsmanna Félags íslenskra atvinnuflugmanna í þjónustu Flugleiða h.f. í sérstakan sjúkrasjóð Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

Þá er þess krafist, að Félag íslenskra atvinnuflugmanna verði dæmt til að greiða Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Flugleiða h.f. málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.“

Dómkröfur stefnda eru þessar:

„a) Aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi.

b) Til vara, að varnaraðili verði sýknaður af kröfum sóknaraðila.

c) Að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða varnaraðila málskostnað að mati dómsins.“

Munnlegur málflutningur um framkomna frávísunarkröfu fór fram 4. þ. m.

Stefnandi gerir þær dómkröfur í þessum þætti málsins, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað.

Í stefnu kemur fram svohljóðandi lýsing málavaxta:

„Málavexti kveður stefnandi vera þá, að með lögum nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, sem leystu af hólmi lög nr. 16/1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, hafi verið lögfest í 7. gr. ný ákvæði um greiðslur atvinnurekenda í sjúkrasjóði, svohljóðandi:

„Vinnuveitendur skulu greiða 1% af útborguðu kaupum verkafólks í sjúkrasjóð viðkomandi stéttarfélags, nema um hærri greiðslur hafi verið samið í kjarasamningum.“

Eftir gildistöku laganna, sem birtust í Stjórnartíðindum 2. maí 1979 og tóku þegar gildi, hafi stefnandi af vangá talið, að 7. gr. kvæði á um afdráttarlausu og undantekningarlausu skyldu allra vinnuveitenda til að greiða 1% af útborguðu kaupum allra starfsmanna sinna í sérstakan sjúkrasjóð, svo fremi ekki ættu sér þegar stað svo háar greiðslur í sjóð með því nafni. Flugleiðir h.f. hafi því byrjað að greiða í sjúkrasjóð Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) 1% af launum flugmanna FÍA í þjónustu Flugleiða h.f. og ennfremur hafi sambærilegar greiðslur hafist í sjúkrasjóð Félags Loftleiðaflugmanna (FLF) vegna félagsmanna FLF í þjónustu Flugleiða h.f.

Á s.l. hausti, eftir að þessar greiðslur hafi verið búnar að eiga sér stað í nokkra mánuði, hafi Flugleiðir h.f. áttað sig á því, að flugmannafélagin áttu ekki rétt á þessum greiðslum. Þar hafi tvennt komið til. Í fyrsta lagi telji Flugleiðir h.f., að lög nr. 19/1979 taki ekki til flugmanna og verði krafa um greiðslur Flugleiða h.f. í sjúkrasjóð FÍA því ekki reist á 7. gr. þeirra laga. Löggin gildi fyrst og fremst um verkafólk og aðra félagsmenn Alþýðusambands Íslands, eins og heiti þeirra og forsaga þeirra og undanfara þeirra, þ. e. laga nr. 16/1958, beri glögglega með sér og nánar verði gerð grein fyrir í greinargerð, en FÍA sé ekki í Alþýðusambandi Íslands. Í öðru lagi álíti Flugleiðir h.f., að jafnvel þótt 7. gr. laga nr. 19/1979 þætti taka til félagsmanna FÍA í þjónustu Flugleiða h.f., þá fullnægi Flugleiðir h.f. þegar greiðsluskyldu sinni með sammingsbundinni greiðslu 1% af laun-

um félagsmanna FÍA í þjónustu sinni í svonefndan félagssjóð FÍA, en um greiðslur Flugleiða h.f. í hann hafi verið samið í kjarasamningum aðila, sem undirritaðir hafi verið 1. júní 1978, og hafi hann verið hugsaður sem sjúkrasjóður, þótt hann fengi annað heiti.

Af þessum ástæðum hafi fyrirsvarsmönnum FÍA verið tilkynnt munnlega haustið 1979 sú niðurstaða Flugleiða h.f., að þeim bæri ekki að greiða í sjúkrasjóð FÍA, og hafi greiðslurnar síðan verið felldar niður frá og með 1. nóvember 1979. Fyrirsvarsmenn FÍA hafi mótmælt þessari ákvörðun Flugleiða h.f. Kjarasamningar Flugleiða h.f. og FÍA hafi runnið út 1. febrúar s.l. samtímis kjarasamningum Flugleiða h.f. og FLF. Hafi samningsumleitanir staðið yfir að undanfögnu. Af hálfu FÍA hafi því nýlega verið lýst yfir á fundum með sáttasemjara í kjaradeilu Flugleiða h.f. og flugmanna, að FÍA muni ekki taka þátt í neinum efnislegum umræðum um nýja kjarasamninga, meðan Flugleiðir h.f. brjóta á FÍA lög og samninga með því að greiða ekki 1% af launum flugmanna í sjúkrasjóð FÍA.

Vegna ágreinings um skyldu Flugleiða h.f. til greiðslu í sjúkrasjóð FÍA og vegna þeirra áhrifa, sem þessi ágreiningur hafi haft á afstöðu FÍA til kjarasamningagerðar, eigi Flugleiðir h.f. ekki annars úrkosti en að skjóta ágreiningi þessum til úrlausnar Félagsdóms.

Dómkröfur stefnanda séu byggðar á sömu málsástæðum og lagarökum og lágu til þess, að greiðslum í sérstakan sjúkrasjóð FÍA var hætt 1. nóvember 1979.“

Frávísunarkrafa stefnda er studd þeim rökum, að verkefni Félagsdóms séu skýrt mörkuð í 44. gr. laga nr. 80/1938, 1. mgr., lið 1—3, og 2. mgr. sömu greinar. Í þessu máli sé því ekki haldið fram, að brotið hafi verið gegn lögum nr. 80/1938 og því eigi 1. tl. ekki við. Ákvæðið um sjúkrasjóðsframlagið eigi ekki rætur að rekja til vinnusamnings aðilja, heldur reisir varnaraðili tilkallið til framlagsins alfarið á lögum nr. 19/1979. Það sé þannig ágreiningur um skilning á þeim lögum, en ekki á vinnusamningi aðilja og því komi 2. tl. ekki til greina. Málið verði ekki rekið fyrir Félagsdómi með heimild í 3. tl., þar eð ekki liggja fyrir neinn samningur aðilja um að leggja ágreiningsatriði þetta fyrir Félagsdóm. Ekki þurfi að ræða heimildina í 2. mgr. 44. gr. laganna. Það sé þannig auðsætt, að í lögum nr. 80/1938 sé hvergi að finna heimild fyrir Félagsdóm til að leggja efnisdóm á ágreiningsmál þetta. Spurningin sé þá, hvort slík heimild

finnist í öðrum lögum. Almenni löggjafinn hafi á stundum falið Félagsdómi að dæma í málum, sem rísa út af ágreiningi á tilteknum lögum, sbr. t. d. ákvæði 16. gr. laga nr. 87/1971 um orlof, en það ákvæði hafi ekki lengi verið við lýði, löggjafinn hafi breytt því ákvæði með lögum nr. 109/1972. Orlofsmál heyri því undir almenna dómstóla. Benda megí á ákvæði 26. gr. laga nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og 34. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Allt séu þetta undantekningarákvæði frá þeirri almennu reglu, að borgararnir geti fengið mál sín flutt fyrir almennu dómstólunum. Félagsdómur sé eitt dómstig og því sé ekki kostur þess að láta reyna efnislega á mál fyrir Hæstarétti. Það þurfi því að vera skýr heimild, afdráttarlaus, án minnsta vafa, sem feli Félagsdómi meðferð máls. Engin ákvæði í lögum nr. 19/1979 mæli fyrir um, að Félagsdómur skuli dæma í málum, sem kunna að rísa út af ágreiningi um skilning á lögnum. Slíkt ákvæði hafi ekki heldur verið í lögum nr. 16/1958, en þau lög hafi verið forveri laga nr. 19/1979. Málaferli, sem spröttið hafi út af þeim lögum, hafi verið rekin fyrir almennum dómstólum. Það sé þannig einsýnt, að vísa beri máli þessu frá Félagsdómi, þar eð Félagsdóm bresti vald til að dæma um sakarefnið, sbr. 68. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Krafa stefnanda um að hrinda beri frávisunarkröfu stefnda er studd þeim rökum, að í máli þessu fléttist saman ágreiningur um skilning á lögum og kjarasamningi. Þegar lög nr. 80/1938 voru sett, hafi ekki verið jafnmikið fjallað um kjaramál launþega í lögum og gerist nú á tímum. Lagaákvæði séu því oft ígildi kjarasamninga. Mörk dómsvalds Félagsdóms séu ekki skýr og þegar ágreiningsefni sé eins háttað og í þessu máli, sé ekki ástæða til að skýra ákvæði um dómsvald Félagsdóms þröngt. Einnig sé á það að líta, að í dómum sínum hafi Félagsdómur beitt skýringum á öðrum en lögum nr. 80/1938. Þá beri og að líta til þess, að ágreiningsefni máls þessa hafi valdið töf á gerð kjarasamnings milli aðilja, en Félagsdómi sé ætlað að fjalla um mál, sem þurfi skjóta úrlausn, og sé ákvæði um málsmeðferð fyrir dómnum ætlað að tryggja það. Félagsdómi sé því rétt og skylt að taka mál þetta til efnismeðferðar.

Álit dómsins.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að lög nr. 19/1979 taki ekki til flugmanna og geti þeir því ekki krafðið Flugleiðir h/f um 1%

gjald af launum þeirra í sjúkrasjóð. Þá er því og haldið fram af hálfu stefnanda, að Flugleiðir h/f hafi þegar innt af hendi greiðslur í sjúkrasjóð með því að greiða 1% af launum flugmanna í félagssjóð þeirra samkvæmt kjarasamningi.

Að svo vöxnu máli og með vísan til nefndrar 7. gr. laga nr. 19/1979 ber að fallast á með stefnanda, að ágreiningsefni máls þessa falli undir úrskurðarvald Félagsdóms.

Rétt þykir, að málskostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

Úrskurð þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Bjarni Kristinn Bjarnason, Þorsteinn Thorarensen, Ragnar Ólafsson og Páll S. Pálsson.

Úrskurðarorð:

Framkomin frávísunarkrafa er ekki tekin til greina.

Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Þriðjudaginn 24. júní 1980.

Nr. 23/1978. B

(Ólafur Axelsson hdl.)

gegn

A

(Guðmundur Markússon hdl.).

Ógildi sammings. Misneyting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús P. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. janúar 1978. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og þess, að stefnda verði gert að gefa út afsal fyrir 2 herbergja íbúð í kjallara að X-vegi . . . í Reykjavík og að rýma íbúðina nú þegar. Þá krefst áfrýjandi úr hendi stefnda 300.000 króna í